



Reglur um styrki til kennslu- og faggreinafélaga félagsmanna KÍ

Kennslu- og faggreinafélög félagsfólks í Kennarasambandi Íslands geta sótt um styrki til stjórnar KÍ samkvæmt eftirfarandi reglum til að koma til móts við kostnað vegna félagslegra verkefna sem fjárhagur þeirra leyfir ekki.

1. Styrkir skulu einkum veittir til **verkefna innanlands**. Veita má styrki vegna samstarfs við erlend Kennslu- og faggreinafélög. Ekki eru veittir styrkir til einstaklinga. Póst- og efniskostnaður skrifstofu Kennarasambands Íslands vegna kennslu- og faggreinafélaga telst styrkur til viðkomandi félags.

2. Heimilt er að styrkja **sérstaklega félög sem starfa þvert á skólastig og námsgreinar**, s.s. eins og Félag íslenskra sérkennara, Félag náms- og starfsráðgjafa, Faghóp leikskólasérkennara og önnur félög sem starfa á hliðstæðum vettvangi.

3. Stjórn Kennarasambands Íslands tekur ákvörðun um úthlutun styrkja til kennslu- og faggreinafélaga.

4. Umsóknir um styrki skulu berast stjórn Kennarasambandsins á eyðublaði sem er á heimasíðu KÍ (rafrænar umsóknir verða í boði seinni partinn á árinu 2023).

5. HÁMARK STYRKJA

Við úthlutun styrkja er horft til fjölda virkra félagsmanna KÍ á félagaskrá kennslu- og faggreinafélaga.

Almennt er heimilt að veita félögum með:

- færri en 30 félagsmenn hámarksstyrk að upphæð 100.000 kr.
- 31 - 100 félagsmenn hámarksstyrk að upphæð 250.000 kr.
- 101 og fleiri félagsmenn hámarksstyrk að upphæð 400.000.

Styrkir vegna erlends samstarfs falla undir upphæðir hámarksstyrkja. Styrkir vegna erlends samstarfs geta ekki verið hærri en 150.000 kr. á ári.

Við sérstakar aðstæður er heimilt að veita hærri styrki. Það getur m.a. átt við þegar félög

taka að sér að forystu í norrænu eða alþjóðlegu samstarfi kennslu- og faggreinafélaga. Að sama skapi getur það átt við í samræmi við ákvæði 2. gr. þessara reglna.

Heildarupphæð styrkja er ávallt háð samþykkt þings KÍ um fjármuni til að styðja við starfsemi kennslu- og faggreinafélaga.

6. Umsóknum skal fylgja **yfirlit um fjárhagsstöðu viðkomandi félags ásamt fjárhagsáætlun** þess verkefnis sem styrkja á, svo og upplýsingar um styrki til verkefnisins sem sótt er um til annarra aðila.

7. Félög þurfa að láta **félagatal fylgja styrkumsókn**, þar sem fram kemur hlutfall virkra félagsmanna í Kennarasambandi Íslands. **Styrkur verður ekki greiddur út nema félagatal liggi fyrir.**

Þannig samþykkt fundi stjórnar Kennarasambands Íslands 13. desember 2022.